

**3372. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
11. apríl 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1901009 - Fundargerðir 2019 - menningar- og safnanefnd**

69. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 2. apríl 2019.  
68. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 26. mars 2019.  
67. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 19. febrúar 2019.  
66. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 18. febrúar 2019.

*Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar.*

**2. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019**

766. mál til umsagnar - frumvarp til laga um dýrasjúkdóma o.fl. (innflutningur búfjárafurða).

*Lagt fram.*

**3. 1902054 - Lækjarflói 1 - fyrirspurn um frágang byggingarsvæðis í Flóahverfi**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að tímasetning framkvæmda við Lækjarflóa verði með eftirfarandi hætti:

Malbikað verið frá gatnamótum við Akrafjallsveg og út að Lækjarflóa 1 (botnlangi meðtalin á árinu 2019). Kostnaður er áætlaður um 40 til 50 millj.kr. sem er innan fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2019. Hafin verði undirbúningur að 3 metra breiðum göngu- og hjólastíg á árinu 2019 að Flóahverfi, sem er innan fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2019.

Verkpættir við stíg eftir 2019:

Malarlag 30 millj.kr. klárað 2020, byrjað 2019.

Malbik 20 millj.kr. klárað 2021

Lýsing 15 millj.kr. klárað 2022

Þver.þjóðv. 35 millj.kr. fer eftir samkomulagi við Vegagerð.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- og umhverfisráð um forgangsröðun gatnagerðar í Flóahverfi á árinu 2019. Framkvæmdir á árunum 2020-2022 er vísað til fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar fyrir árið 2020 og til 5 ára áætlunargerðar.*

ELA  
Sæt

#### 4. 1903261 - Starf á skipulags- og umhverfissviði

Skipulags- og umhverfiráð samþykkti á fundi sínum þann 25. mars síðastliðinn starfslýsingu og auglýsingu á starfi á skipulags- umhverfissviði. Gert er ráð fyrir starfinu í fjárhagsáætlun 2019. Skipulags- og umhverfiráð óskar eftir heimild bæjarráðs til að auglýsa starfið.

Sigurður Páll situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi starfslýsingu og heimilari auglýsingu starfsins.*

#### 5. 1806229 - Starfshópur um uppbyggingu á Dalbraut 4 - þjónustumiðstöð

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarráð að hafin verði hönnun á innri frágangi þjónustumiðstöðvar.

Sigurður Páll situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð tekur undir tillögu skipulags- og umhverfiráðs og ítrekar mikilvægi þess að hönnunarvinna fari af stað sem fyrst. Bæjarráð felur bæjarstjóra að útfæra nánar skilgreiningu á hönnunarferlinu og hverjir koma að þeirri vinnu, ásamt greiningu á kostnaði og hvort hann rúmist innan samþykkrar áætlunar. Gert er ráð fyrir að greinargerð/tillaga bæjarstjóra verði lögð fyrir næsta fund bæjarráðs.*

#### 6. 1904009 - Seljuskógar 10-12 - Umsókn um byggingarlóð

Umsókn Bjarka Jóhannessonar og Erlu Olgeirsdóttur um byggingarlóð við Seljuskóga 10-12. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

Sigurður Páll situr áfram á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðar við Seljuskóga 10-12 til Bjarka Jóhannessonar og Erlu Olgeirsdóttur.*

#### 7. 1904086 - Íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga - stofnstyrkur til Brynja hússjóður

Umsókn Brynju hússjóðs Öryrkjabandalagsins um stofnframlag vegna kaupa á 2ja herbergja íbúðum, alls 10 íbúðir. Sótt er um 12% stofnframlag samtals að fjárhæð kr. 36.000.000.

Sigurður Páll situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Steinar Adolfsson sviðsstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir að veita vilyrði fyrir stofnframlag Akraneskaupstaðar vegna kaupa Brynju hússjóðs Öryrkjabandalagsins á samtals 10 íbúðum á Akranesi. Vilyrðið er veitt fyrir stofnframlagi Akraneskaupstaðar sem nemur 12% af áætluðu heildarstofnvirði íbúðanna sem er kr. 300.000.000 og nemur því áætlað stofnframlag Akraneskaupstaðar kr. 36.000.000. Vilyrðið er veitt með skilyrði um endurgreiðslu stofnframlagsins í samræmi við ákvæði laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, ákvæði reglugerðar nr. 555/2016 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir og skv. reglum Akraneskaupstaðar um stofnframlög frá árinu 2016.*

*Gert er ráð fyrir útgjöldunum í fimm ára fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar, annars vegar 18 m.kr. á árinu 2020 og 18 m.kr. á árinu 2021.*

*Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar í velferðar- og mannréttindaráði.*

## 8. 1904117 - Endurnýjun samninga við ÍA um rekstur, leigu og fleira

Endurnýjun samninga við Íþróttabandalag Akraness.  
Valgerður Janusdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir og fagnar endurnýjun samninga milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalagsins en um er ræða annars vegar samning um rekstur og samskipti og samning um leigu og rekstur á Jaðarsbökkum hins vegar.*

*Kostnaðaraukning vegna þessara samninga á ársgrundvelli er kr. 4.900.000 og verður samtals kr. 3.750.000 á árinu 2019. Aukningin er til komin vegna almennrar hækkunar styrks til reksturs Íþróttabandalagsins, úr 3,1 m.kr. í 4,5 m.kr. og vegna samstarfs Akraneskaupstaðar og bandalagsins um heilsueflandi samfélag en kaupstaðurinn leggur til 3,5 m.kr. til verkefnastjórnunar af hálfu Íþróttabandalagsins í innleiðingarfasanum og í framkvæmd verkefnisins eftir innleiðingu. Heildarkostnaður samninganna á ári er 8,0 m.kr.*

*Kostnaðaraukningu vegna samninganna á árinu 2019, samtals að fjárhæð kr. 3.750.000, verður mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi og skal gera ráð fyrir hækkun samningsins við fjárhagsáætlunargerð 2020. Bæjarráð felur fjármálasviði að útbúa viðauka vegna þessa og vísar ákvörðuninni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness. Kostnaður færist á 06890-5948.*

## 9. 1904055 - Norðurálmótið 2019 - samningur

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 5. apríl 2019 að endurnýja samning við KFÍA vegna Norðurálmóts í knattspyrnu til þriggja ára með sömu upphæð og síðasta ár með vísitöluhækkun. Tillögunni er vísað í bæjarráð.

*Bæjarráð samþykkir samning við Knattspyrnufélag Akraness um fjárhagslegan stuðning kaupstaðarins vegna Norðurálmótsins. Samningurinn er til þriggja ára, frá 2019-2021 og tekur samningurinn hlutfallslegri vísitöluhækkun neysliverðs til verðtrygginga milli ára. Gert er ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun 2019, samtals 3,1 m.kr.*

## 10. 1903019 - Leikskólar - fjölgun skipulagsdaga

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl að frá og með næsta starfsári 2019 - 2020 verði 5 skipulagsdagar á leikskólum á Akranesi. Skóla- og frístundaráð mælist til þess að skipulagsdagar leik- og grunnskóla verði eins margir sameiginlegir og kostur er og skólarnir verði í samstarfi um ákvörðun um skipulagsdaga skólanna.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna að leiðum með stjórnendum frístundarinnar til að vera með valkosti í frístundastarfi fyrir börn í grunnskólum á starfstíma þegar ekki er skóli. Með því að fjölga starfsdögum vill skóla- og frístundaráð stuðla að bættu starfsumhverfi.

Óskað er staðfestingar bæjarráðs.

*Bæjarráð samþykkir erindi leikskólastjórnenda um fjölgun skipulagsdaga, úr 4 í 5 talsins frá og með næsta starfsári 2019-2020. Bæjarráð tekur undir með skóla- og frístundaráði að skipulagsdagar leik- og grunnskóla verði eins margir sameiginlegir og kostur er.*

**11. 1801121 - Sjónvarpsþættirnir Að vestan - þátttaka Akraneskaupstaðar**

Erindi framkvæmdastjóra N4 um samstarf við gerð þáttanna Að Vestan á árinu 2019.

*Bæjarráð samþykkir þátttöku Akraneskaupstaðar í gerð þáttanna Að Vestan. Fjárhæðinni samtals kr. 500.000 skal ráðstafað af 20830-4995 og færður á lið 21010-4070.*

**12. 1709069 - Opið bókhald og stjórnendamælaborð**

Tillaga bæjarstjóra í tengslum við enduropnun opins bókahalds Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra um samstarf við fyrirtækið Metadata um enduropnun bókahalds bæjarins. Fjárhæðinni samtals kr. 1.700.000 skal ráðstafað af 20830-4980 og færður á lið 21020-4980.*

**13. 1904107 - Búnaðar- og áhaldakaup (tækjakaupasjóður) 2019**

Tillaga um endurnýjun tölvubúnaðar í fjórum stofnunum Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir beiðni um endurnýjun tölvubúnaðar í Fjöliðjunni og á leikskólunum Garðasel, Teigasel og Vallarsel. Fjárhæðinni samtals kr. 2.130.000 skal ráðstafað af 20830-4660 viðhald áhalda og færast á 04120-4660, 04130-4660, 04140-4660 og 02240-4660 skv. meðfylgjandi sundurliðun.*

**14. 1904038 - Garða veitingar ehf. í Frístundamiðstöð á golfvelli - rekstrarleyfi**

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist umsókn Garða veitinga ehf kt.680319-0140 um rekstrarleyfi til reksturs veitingarstaðar í flokki III, veitingahús og samkomusalir, sem rekinn verður sem Garða veitingar, í Frístundamiðstöðinni, Garðavöllum 1 (F2100001), Akranesi. Um er að ræða nýjan rekstraraðila með rekstur í nýju húsi sem reist er á grunni gamla golfskálans sem rifinn var á síðasta ári en þar hafði Golfklúbburinn Leynir gilt rekstrarleyfi sem gefið var út ótímabundið hinn 4. september 2017. Hjalagt fylgir umsóknin ásamt teikningum og umsagnarbeiðni. Óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti rekstrarleyfi fyrir Garða veitingar ehf. að Frístundamiðstöðunni Garðavöllum 1. Samþykkið er veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa Akraneskaupstaðar og slökkviliðsstjóra Akraness og Hvalfjarðarsveitar.*

**15. 1904115 - Lífskjarasamningar 2019-2022 - yfirlýsing frá Sambandinu**

Yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga um Lífskjarasamning 2019-2022.

*Bæjarráð mun taka tillit til þessara ábendinga Sambandsins á umræddu tímabili. Bæjarráð bindur vonir við að þessar aðgerðir verði gagnlegt innlegg í kjarasamninga.*

**16. 1904109 - Rafbílar - uppbygging innviða**

Samkomulag vegna uppbyggingar innviða fyrir rafbíla milli Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Veitur ofh.

Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráði.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.**

Elisa Lára Arnardóttir

Ólafur

Valgarður S. Jónsson

Sam Fray kreininna

Sórcís Alexia Sigurmundsdóttir